

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 660/1998 um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

#### 1. gr.

2. gr. orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða fyrir meðferð sem um ræðir í 1. gr. sem hér segir:

1. Sérstökum göngudeildum undir eftirliti lækna fyrir meðferð húðsjúkdóma þannig að greiðsla fyrir hverja meðferð verði:  
B-geislar, B- og A-geislar, með eða án smyrsla, kr. 850.
2. Sérstökum göngudeildum, sem hlotið hafa viðurkenningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á því að meðferð sé veitt undir sérstöku eftirliti sérfræðinga í húðsjúkdómum og þar sem einungis ljóstækjum með stillanlegu geislamagni er beitt, þannig að greiðsla fyrir hverja meðferð verði:  
B-geislar, B- og A-geislar, með eða án smyrsla, kr. 850.  
PUVA meðferð kr. 3.200.

#### 2. gr.

Við bætist ný grein, 3. gr., sem orðast svo:

Meðferðaraðilum skv. 2. tölul. 2. gr. er heimilt að innheimta gjald af sjúklingi fyrir hverja meðferð sem hér segir:

B-geislar, B- og A-geislar, með eða án smyrsla, kr. 200.  
PUVA meðferð kr. 300.

#### 3. gr.

Við bætist ný grein, 4. gr., sem orðast svo:

Þegar reikningum er framvísað til greiðslu skal fylgja þeim tilvísun frá lækni, sérfræðingi í húðsjúkdómum þar sem því verður við komið, fyrir sérhvern nýjan sjúkling.

Framvísa þarf nýrri tilvísun hálfárslega sé um stöðuga meðferð að ræða, annars þegar meðferðartímabil hefst.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 66. gr. sbr. 33. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og öðlast gildi 1. janúar 2002. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá (4) skv. auglýsingu nr. 160 frá 15. febrúar 2000.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. febrúar 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Jón Sæmundur Sigurjónsson.*